


boenda
FERÐIR

MARAÐON Í NEW YORK



1. – 4. nóvember 2019



Bandaríkin

Ferðalýsing

New York maraþonið er haldið fyrsta sunnudag í nóvember ár hvert og er **eitt af allra stærstu og þekktustu maraþonum í heimi**. Hlaupið er um öll fimm hverfi New York borgar, rásmarkið er á Staten Island og er hlaupið í gegnum Brooklyn og Queens, þaðan yfir East River til Manhattan og Bronx áður en komið er í mark í Central Park. Það er ógleymanlegt að hlaupa í gegnum öll hverfin og upplifa ólíka menningu og þau þjóðarbrot sem New York hefur að geyma. Að loknu maraþoni eru allir sigurvegarar og þá er gaman að koma saman með samferðafólki og fagna yfir máltíð líkt og þúsundir hlaupara gera um alla New York borg.



4 dagar | 3 nætur í New York

Maraþonið 3. nóvember 2019

New York maraþonið er risastórt á alla kanta, rúmlega 50 þúsund manns taka árlega þátt í hlaupinu sem gerir það að fjölmennasta maraþonhlaupi veraldar. Fyrsta maraþonið var haldið árið 1970 þegar 55 manns luku hlaupinu en þá var eingöngu hlaupið í Central Park. Nú teygir hlaupið sig í öll fimm hverfi borgarinnar og er svo sannarlega viðburður á heimsmælikvarða. Hlaupið hefur líka verið nefnt áhorfendamaraþon, enda áætlað að 2,5 milljón manns raði sér við brautina til að hvetja hlauparana áfram, bjóða þá velkomna í hverfið sitt og bjóða ýmis konar hressingu á leiðinni. Auk þess er fjöldinn allur af hljómsveitum að spila fyrir keppendur sem skapar einstaka stemningu.

Maraþonið hefst með því að hlauparar hlaupa yfir hina tilkomumiklu 4 km löngu Verrasano-narrow brú yfir á Staten Island. Hlaupið er í gegnum Brooklyn og Queens, þaðan yfir East River til Manhattan og Bronx áður en komið er í mark í Central Park.



Vefsíða New York maraþonsins er: <http://www.tcsnycmarathon.org/>

New York

Margt er að sjá og upplifa í þessari stórkostlegu borg sem aldrei sefur. Fjöldi skoðunarferða er í boði en við mælum sérstaklega með hjólaferð með leiðsögn um borgina, það er frábær leið til að liðka sig og kynnast borginni betur. Svo má ferðast um Manhattan í Hop on Hop off strætó eða taka hina einu sönnu subway neðanjarðarlest um alla borg, upplifa Little Italy og Chinatown, röltu um Central Park, kíkja í verslanir eða kaffihús og snæða á einhverjum af óteljandi veitingastöðum borgarinnar sem bjóða mat frá öllum heimshornum. Ein af aðalverslunargötum New York er 5th Avenue og auðvitað má finna tröllvaxnar verslunarmiðstöðvar. Ekki er hægt að yfirgefa New York án þess að dást að útsýninu yfir borgina. Hægt er að fara upp í ýmsa skýjakljúfa, t.d. Rockefeller

Center en þaðan er magnað útsýni yfir Central Park, Empire State og Chrysler bygginguna. Aðrir staðir sem vert er að skoða eru t.d. One World Trade Center sem er hæsta bygging álfunnar og var opnuð almenningi 2014, Times Square, Frelsisstytan, Metropolitan Museum of Art og Museum of Modern Art (MoMA). Íþrótt- og tónlistaviðburðir á heimsmaelikvarða og leiksýningar á Broadway, það er ómögulegt að láta sér leiðast í New York.



Hótelið

The Westin New York Grand Central Hotel er frábært 4* hótél, frábærlega staðsett í hjarta borgarinnar á 42nd Street East, á milli 2. og 3. Avenue. Hótelið er í göngufæri frá sumum af þekktustu kennileitum New York borgar eins og Grand Central Station, 5th Avenue verslunargötunni, Times Square, Theatre District og Empire State byggingunni. Hin fallega Chrysler bygging er rétt hinum megin við götuna. Einungis er 10 mínútna neðanjarðarlestarferð á maraþon hlaupasýninguna í Jacob Javits Center þar sem keppnisgögnin eru sótt.

Verð

139.900 kr. á mann í tvíbýli | 139.900 kr. aukagjald fyrir einbýli*.

Aukanótt 46.600 kr. á mann í tvíbýli | 93.200 kr. auka nótt í einbýli.

Athugið að þátttökugjald og flug er ekki innifalið í verði.

*Ef þú hefur áhuga á að deila herbergi með öðrum hlaupara þá geta Bændafærðir haft milligöngu um slíkt. Vinsamlegast tilgreindu við bókun ef þú vilt að Bændafærðir kanni hvort unnt sé að para þig saman við annan hlaupara af sama kyni.

Innifalið

- ✓ Gisting í 3 nætur á The Westin New York Grand Central Hotel, 1. – 4. nóvember.
- ✓ Töskuburður á hóteli.
- ✓ Undirbúningsfundur með reyndum hlaupara í haust.
- ✓ Íslenskur hópstjóri.
- ✓ Réttur á skráningu í New York maraþonið. Bændafærðum er skylt að selja hlaupanúmer sem hluta af ferðapakka.
- ✓ Rútuferð að rásmarkinu frá hótelinu.

Ekki innifalið

- ✓ Flug.
- ✓ Þátttökugjald í New York maraþonið.
- ✓ Morgunmatur á hótelinu.
- ✓ Hátíðarkvöldverður að loknu maraþoni



Þátttökugjald í New York maraþonið er 83.900 kr.

Með bókun í ferðina öðlast farþegar rétt á öruggri skráningu í New York maraþonið (athugið að skráningin í hlaupið er ekki innifalin í pakkanum). Bændaferðum er skylt að selja hlaupaskráninguna sem hluta af ferðapakka.

Innifalið í þátttökugjaldinu er

- ✓ Hlaupanúmer í New York maraþonið, ásamt tímaflögu.
- ✓ Aðgangur að hlaupasýningu, TCS New York City Marathon Expo.
- ✓ Stuttermabolur og tímarit um hlaupið.
- ✓ Glæsilegur verðlaunapeningur, hitateppi og poki með drykk og orkubita í endamarki.

Hátíðarkvöldverður | 13.800 kr

Það er órjúfanlegur þáttur að loknu maraþoni að fagna með samferðarmönnum – punkturinn yfir i-ið! Það eru allir sigurvegarar að loknu maraþoni, óháð tíma, og sigrum ber að fagna! Bændaferðir bjóða upp á hátíðarkvöldverð á veitingastaðnum McGettigans (<http://www.mcgettigans.com/nyc/>) sem er nútímalegur bar/veitingahús með lifandi tónlist, ljúfu andrúmslofti og góðri þjónustu. Verð fyrir hátíðarkvöldverðinn er 13.800 kr. og innifalið er máltíð, tveir drykkir, þjóf fé og skemmtun.



Abbott World Marathon Majors

New York maraþonið er eitt af Abbott World Marathon Majors hlaupunum sem margir hlauparar hafa að markmiði að klára. Abbott World Marathon Majors er mótaröð fyrir bæði atvinnu- og áhugamenn. Í hlauparöðinni eru þekktustu og stærstu maraþon heimsins, þ.e. **Tokyo, London, Berlín, Chicago, New York** og **Boston**. Á hvert keppa atvinnumenn innbyrðis í stigakeppni hlauparaðarinnar sem nú fer fram í 12. sinn. Það eru þó ekki einungis atvinnumenn sem taka þátt í Abbott World Marathon Majors því allir þeir sem ljúka öllum sex hlaupunum eru skráðir á frægðarvegginn og kallast „six star finishers“. Þeir sem ná afrekinu fá sérstakan verðlaunapening sem samanstendur af verðlaunapeningum úr öllum sex hlaupunum. 4113 hlauparar um allan heim hafa hlotið þann heiður að vera skráðir á frægðarvegginn og þar af eru 17 Íslendingar, sem margir hverjir hafa náð þeim árangri með Bændaferðum.



Ívar Jónsson lauk 6. hlaupinu í New York 2018 með Bændaferðum

Bændaferðir er umboðsaðili fyrir Abbott World Marathon Majors á Íslandi og tryggja örugga skráningu í öll hlaupin.